

Árið 1957 höfðum við aukið fjölbreytni framleiðslunnar enn meir. Þá gáfum við út myndskreyttan kynningarbækling með um 80 mismunandi gerðum húsgagna, allt frá blómasúlum upp í sófasett, sem við framleiddum sjálfir og seldum í versluninni. Sum þessara húsgagna var hægt að fá í fleiri en einni viðartegund. Auk þess vorum við farnir að smíða dálítið af innréttingum. Þegar bæklingurinn kom út, vorum við svo sannarlega ánægðir með það sem við vorum að gera.

Það jók svo á fjölbreytnina, að vandaðri húsgögn voru skreytt með útskurði. Wilhelm Beckmann, útskurðarmaður, skar allt út fyrir okkur. Hann hafði aðstöðu hjá mér á verkstæðinu og skar þar einnig út fyrir aðra. Hann var ákaflega listfengur maður, hámenntaður í iðn sinni og skapandi snillingur, sem vann hratt og vel.

Beckmann var Þjóðverji, uppallinn í Hamborg, en flúði undan nasistunum á stríðsárunum. Fyrstu nótt sína á Íslandi svaf hann undir Ingólfsstytta á Arnarhóli.

Á Víðimelnum hafði ég mest 8 menn í vinnu, en fljótlega var ég kominn með 30 til 40 menn í vinnu á Laugaveginum. Árið 1957 voru starfsmennirnir orðnir 75 og um 80 eða fleiri árið 1960.

Eftir árið 1960, á Viðreisnar-áratugnum, má segja að hafi verið blómaskeið fyrirtækisins. Þá var innflutningsfrelsi komið á og hægara um vik að kaupa aðföng til framleiðslunnar. Á þeim árum var starfsmannafjöldinn mestur og voru um 100 manns í vinnu hjá mér, þegar flest var.

Markmiðið var enn sem fyrr að auka og þróa framleiðsluna, að öðru leyti var hvert árið öðru líkt. Árið 1961 hófum við framleiðslu á plasthúsgögnum, sem þótti merkileg nýjung.

Við rákumst á þessi húsgögn á sýningu í Noregi og